



HRUNAMANNAREPPUR

86. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

6. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 16. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 12:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagshemili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þess sat fundinn, Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp eftirfarandi dagskrárbreytingatillögur:

Gerð er tillaga um að við bætist eftirfarandi liður:

Liður 5: Fundargerð 323. fundar skipulagsnefndar frá 15. apríl og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. mars og 8. apríl sl.

Tillagan samþykkt samhljóða. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Skólanefnd: Fundargerð 21. fundar frá 17. febrúar 2026.

Lögð fram fundargerð 21. fundar Skólanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að koma sjónarmiðum sveitarstjórnar varðandi sumarlokun leikskólans á framfæri.

2. Umhverfisnefnd: Fundargerð 15. fundar frá 18. mars 2026.

Lögð fram fundargerð 15. fundar Umhverfisnefndar.

Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið nefndarinnar varðandi umhverfishreinsun í sveitarfélaginu og felur yfirmanni umhverfismála að fylgja málinu eftir. Janframt tekur sveitarstjórn undir tilmæli nefndarinnar um að aðgengi að fyrirtækjum í Sneiðinni verði ekki frá Smiðjustíg eins og nú er. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samvinnu við skipulagsfulltrúa. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 24. fundar frá 23. mars 2026

Lögð fram fundargerð 24. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu nefndarinnar um uppsetningu öryggismyndavéla við aðkomurnar inn í sveitarsfélagið og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samvinnu við lögreglu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um að keyptur verði búnaður til að hægt sé að tengja notendur við Hrunaljós með mun ódýrari hætti en nú er gert. Kostnaður rúmast innan samþykkrar fjárhagsáætlunar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Handwritten signatures: AA, AS, DGS, DV

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

4. Fundargerð 322. fundar skipulagsnefndar frá 25. mars 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. mars sl.

Lögð fram fundargerð 322. fundar skipulagsnefndar frá 25. mars 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. mars sl. og 27. mars sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 44. Miðfell 5: Staðfesting og afmörkun lóða.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 06.03.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024. Í merkjalýsingunni fellst uppmæling merkja séreignar Miðfells 5b L166804 (áður Miðfell 1) og samruni Miðfells I lóð 2 L200316 og Miðfells 4 L204944 við séreign Miðfells 5 L166809. Skipulagsnefnd UTU frestar afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar.

Mál nr. 49. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 18. mars sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. mars sl.

5. Fundargerð 323. fundar skipulagsnefndar frá 15. apríl 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. mars og 8. apríl sl.

Lögð fram fundargerð 323. fundar skipulagsnefndar frá 15. apríl 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. mars og 8. apríl sl.

Mál nr. 23 Efra-Sel golfvöllur: Byggingarreitur stækkaður; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Efra-Sels í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits á lóðinni Selsvegur 2 þar sem heimilt verður að reisa starfsmannabústað til bráðabirgða.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 24 Efra- Sel golfvöllur: Byggingarheimild; starfsmannahús.

Móttekin var umsókn þann 06.03.2026 um byggingarheimild fyrir 64,6 m² bráðabirgða starfsmannahúsi á landinu Efra-Sel golfvöllur (L203094) í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

ARJ

DGS

SS

B ✓

VA

Mál nr. 25 Kjóabyggð – Álftabyggð F9: Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar, eftir auglýsingu, sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Birkibýggð sem er hluti af frístundabyggðinni F9 Kjóabyggð/Álftabyggð. Í breytingunni felst að Birkibýggð verður breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Einnig eru settir fram almennir skilmálar og heimildir fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við þeim umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingar á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við þeim umsögnum sem bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr 26. Birkibýggð: Skilgreining íbúðarbyggðar; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Birkibýggðar í Hrunamannahreppi. Í deiliskipulaginu felst að heimiluð er íbúðabyggð í samræmi við nýja stefnu aðalskipulags um íbúðarbyggð í dreifbýli. Settir eru skilmálar fyrir íbúðarbyggðina í Birkibýggð sem er hluti af frístundabyggðinni F9 Kjóabyggð/Álftabyggð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt, með fyrirvara um uppfærð gögn og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið með fyrirvara um uppfærð gögn og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 27. Galtaflöt 3: Úr frístundahúsnæði í gistihúsnæði; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram, eftir grenndarkynningu, tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi sem tekur til Galtaflatar 3 L200921 í Hrunamannahreppi. Óskað er eftir að málið verði grenndarkynnt aftur með uppfærðum gögnum. Í breytingunni felst að frístundahúsnæðinu er breytt í gistihúsnæði án veitingasölu. Tilgangur umsóknarinnar er að reka þar lítið gistihús/gistiheimili sem þjónusti ferðafólk með svefnplássi án veitingareksturs. Einungis verður boðið upp á gistingu, en ekki sala mat- eða drykkjarvara.

Skipulagsnefnd UTU frestar málinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að fresta málinu.

ART DAS
JB HA Bv

Mál nr. 28. Miðfell 5: Staðfesting og afmörkun lóða.

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 06.03.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024. Í merkjalýsingunni fellst uppmæling merkja séreignar Miðfells 5b L166804 (áður Miðfell1) og samruni Miðfells I lóð 2 L200316 og Miðfells 4 L204944 við séreign Miðfells 5 L166809.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps geri ekki athugasemd við framlagða merkjalýsingu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við fyrirbyggjandi merkjalýsingu.

Mál nr. 31 Afgreiðslur byggingarfulltrúa 27. mars sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. mars sl.

Mál nr. 32 Afgreiðslur byggingarfulltrúa 8. apríl sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. apríl sl.

6. Byggðasamlag UTU. bs.: Fundargerð 134. fundar stjórnar frá 9. apríl 2026.

Lögð fram fundargerð 134. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 30. mars 2026

-Ásamt ársreikningi.

Lögð fram fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls ásamt ársreikningi.

Í fundargerðinni er lagt til að aðildarsveitarfélögin samþykki að auglýst verði eftir öðrum náms- og starfsráðgjafa til að efla þjónustu byggðasamlagsins og formanni falið að stilla upp viðauka sem sendur verður á aðildarsveitarfélögin til samþykktar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðan viðauka I við fjárhagsáætlun 2026 byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. Viðauki I er alls kr. 5.160.000 og er mætt með viðbótarframlögum frá aðildarsveitarfélögum í samræmi við samþykktu kostnaðarskiptingu í stofnsamningi byggðasamlagsins.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

8. Brunavarnir Árneshvíls: Fundargerð 34. fundar stjórnar frá 20. mars 2026.

-Ásamt ársreikningi.

Lögð fram fundargerð 34. fundar Brunavarna Árneshvíls ásamt ársreikningi.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

9. Brunavarnir Árneshvíls: Fundargerð 35. fundar stjórnar frá 7. apríl 2026.

Lögð fram fundargerð 35. fundar Brunavarna Árneshvíls.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

ARJ

DAS

JB

BV

HA

**10. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 30. mars 2026.
-Ásamt ársreikningi.**

Lögð fram fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga ásamt ársreikningi.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

**11. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 217. fundar stjórnar frá 24. mars 2026.
-Ásamt ársreikningi.**

Lögð fram fundargerð 217. fundar Tónlistarskóla Árnesinga ásamt ársreikningi.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

**12. Bergrisinn bs.: Fundargerð 92. stjórnarfundar frá 23. mars 2026.
-Ásamt ársreikningi.**

Lögð fram fundargerð 92. stjórnarfundar Bergrisans bs. ásamt ársreikningi.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

**13. Arnardrangur hses.: Fundargerð 26. fundar stjórnar frá 23. mars 2026.
-Ásamt ársreikningi.**

Lögð fram fundargerð 26. fundar stjórnar Arnardrangs hses. ásamt ársreikningi.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

**14. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 253. fundar frá 24. mars 2026.
-Ásamt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.**

Lögð fram fundargerð 253. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt ársreikningi.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

15. Umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis frá 24. mars 2026.

Lagðar fram umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um 529. mál – Lagareldi og 530. mál – Lax- og silungaveiði o.fl. (bætt lagaumgjörð).

Lagt fram til kynningar.

16. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 26. mars 2026.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 565. mál – verndar og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur).

Lagt fram til kynningar.

17. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 30. mars 2026.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 582. mál – Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits).

Lagt fram til kynningar.

18. Bréf frá Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu frá 13. apríl 2026.

Lögð fram tilkynning frá Félags- og húsnæðisráðuneytinu um að samþykkt hafi verið að fela Sjúkratryggingum Íslands að hefja samningaviðræður við Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp um sameiginlega rekstur átta almennra dagdvalarrýma í uppsveitum Árnessýslu.

Handwritten signatures and initials in blue ink: AA, ARJ, JBV, DG5.

Sveitarstjórn fagnar því að umsókn sveitarfélaganna fjögurra um heimild til að reka dagdvalarrými hafi fengið jákvæða afgreiðslu. Brýn þörf er fyrir aukinni þjónustu við eldri borgara á svæðinu. Sveitarstjórn felur jafnframt sveitarstjóra að taka þátt í samningaviðræðum við Sjúkatryggingar Íslands fyrir hönd Hrunamannahrepps.

19. Bréf frá Gallup, ódagssett.

Lagt fram bréf frá Gallup vegna árlegrar könnunar um Sveitarfélag ársins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í könnuninni.

20. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands frá 28. mars 2026.

Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands þar sem kynnt er ályktun fulltrúafundar Skógræktarfélag Íslands vegna breytingartillögu meirihluta Umhverfis- og samgöngunefndar við frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla (157. lögjafarþing, mál 265, þskj. 949).

Lagt fram til kynningar um leið og erindið er sent til kynningar í Umhverfisnefnd.

21. Bréf frá stjórnendum Miðfellshlaupsins frá 11. apríl 2026.

Lagt fram bréf frá skipuleggjendum Miðfellshlaupsins þar sem óskað er eftir styrk til framkvæmda við Miðfellshlaupið 2026. Miðfellshlaupið er verkefni sem er hugsað til að hvetja til almennrar hreyfingar og vera hvetjandi til heilsueflingar. Hlaupið er á dagskrá laugardaginn 30. maí n.k. og verður þetta í fimmta sinn sem það er haldið. Hlaupið er styrktarhlaup og að þessu sinni verður hlaupið til stuðnings Vettvangshjálparhóps Björgunarfélagsins Eyvindar í Hrunamannahreppi sem sinnir neyðarviðbragði í Uppsveitum Árnessýslu með samningi við HSU.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styðja við framkvæmd hlaupsins og að þátttakendur í því fái gjaldfrjálsan aðgang að sundlauginni á Flúðum sem og afnot af búningaaðstöðu í íþróttahúsinu á hlaupdeginum og fótboltavelli við íþróttahús. Ennfremur aðstoði starfsmenn áhaldahússins með ýmsum hætti og veiti afnot af bíl.

22. Umsókn um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu.

Lögð fram umsókn um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu en lóðin Klakkur var auglýst laus til umsóknar til umsóknar í mars 2026.

Sveitarstjórn barst ein umsókn um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu frá Ferðafélaginu Fannari en félagið hefur síðastliðin 42 ár verið með skála við Klakk og haldið úti starfsemi þar. Félagið er opið öllum þeim sem vilja láta gott af sér leiða í þágu umhverfis og viðhalds innviða. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við umsækjanda um endurgjald og ganga frá samningi í kjölfarið.

23. Bréf frá EBÍ frá 31. mars 2026.

Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands en á fundi stjórnar félagsins sem fram fór þann 27. mars sl. voru samþykktar styrkveitingar til 15 aðila, samtals að upphæð 8.000.000,- Sveitarfélaginu var úthlutaður styrkur að upphæð 500.000,- vegna verkefnisins „Hrunamannahreppur – hreppur í 1150 ár. Fræðslu- og upplýsingaskilti“.

Sveitarstjórn þakkar rausnarlegan styrk til verkefnisins og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

24. Erindi frá Kjörstjórn, kjörstaður og framlagning kjörskrár.

Lagt fram erindi frá kjörstjórn.

Handwritten signatures and initials: DAS, ARJ, VA, and BV.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga þann 16. maí n.k. verði í Félagsheimili Hrunamanna. Kjörskrá liggur frammi til kynningar á opnunartíma skrifstofu í Ráðhúsi sveitarfélagsins sem er á efri hæð í Félagsheimili Hrunamanna.

25. Brunavarnaáætlun BÁ feb 2026 – feb 2031.

Lögð fram Brunavarnaáætlun BÁ feb 2026 – feb 2031 sem hefur verið yfirfarin og samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og var samþykkt af stjórn Brunavarna þann 20. mars 2026.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir samhljóða Brunavarnaáætlun Brunavarna Árnessýslu sem ber auðkennið 09-03-2026 09:00. Gildistími áætlunar er febrúar 2031.

26. Íbúafundur vegna ársreiknings, ákvörðun um tímasetningu.

Lagt til að íbúafundur vegna kynningar á ársreikningi verði haldinn þriðjudaginn 28. apríl kl. 20:00.

27. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn þriðjudaginn 28. apríl kl. 16:00.

Fjárhagsleg málefni:

28. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2025 – fyrri umræða

Lagður fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2025 ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu.

Undir þessum lið mætti endurskoðandi, Friðrik Einarsson, frá KPMG og kynnti helstu kennitölur ársreiknings og svaraði fyrirspurnum. Jafnframt kynnti hann að endurskoðunarskýrsla KPMG fyrir árið 2025 yrði lögð fram við síðari umræðu.

Í framlögðum ársreikningi kom fram að rekstur A og B hluta sé jákvæður um 207,9 m.kr. en A hluta um 169,6 m.kr. Er þessi niðurstaða framar björtustu vonum og afar ánægjuleg staðfesting á að sú stefna sem sveitarstjórn hefur markað í uppbyggingu og rekstri er farsæl. Fjárfest var á árinu fyrir 574 m.kr. og greiddar afborganir af langtímalánum námu 110 m.kr.. Skuldaviðmið að teknu tilliti til fjárhagslegra viðmiða sveitarstjórnarlaga er 66% í A og B hluta.

Sveitarstjórn þakkar góða yfirferð og samstarf við KPMG við endurskoðunina. Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi 2025 til síðari umræðu sem fram mun fara á seinni fundi sveitarstjórnar í apríl og þá mun jafnframt verða fjallað enn ítarlegar um niðurstöðu ársreiknings í bókun.

Mál til kynningar:

29. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 995. fundar frá 10. mars 2026.

Lagt fram til kynningar.

30. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 996. fundar frá 20. mars 2026.

Lagt fram til kynningar.

31. Samtök orkusveitarfélaga: fundargerð 90. fundar frá 28. janúar 2026.

Lagt fram til kynningar.

32. Fundargerð aðalfundar í Hótel Flúðum ehf. frá 11. mars 2026.

Lagt fram til kynningar.

Flaira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:11.

Bjarney Vignisdóttir
Alexandra Þorjohannesdóttir

Dæði Guðrún Samúelsson
Alví Halpötnu